

Umsögn

Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði - lykilþættir

2022-10-21

Umsögn mín snýr að þeim lykilþætti sem varðar vegaskrá um vegi í náttúru Íslands. Umsögnin byggir á reynslu minni sem skipulagsráðgjafi hjá Alta ehf, með það hlutverk að aðstoða sveitarfélög við gerð vegaskrár í samræmi við 32. gr. náttúruverndarlaga. Ég tel að gerð vegaskrár sé mjög mikilvægt úrlausnarefni sem ljúka þurfi sem fyrst en að nálgunin sem lagagreinin felur í sér sé algerlega ónothæf. Þetta vil ég rökstyðja hér á eftir.

Skv. lagagreinininni ber sveitarfélögum að útbúa landupplýsingagögn þar sem fram kemur tillaga sveitarstjórnar um vegaskrá innan marka sveitarfélagsins. Tillagan hlýtur afgreiðslu við gerð aðalskipulags og ber Skipulagsstofnun að sjá til þess að gögnin berist Vegagerðinni, sem ber ábyrgð á vegaskránni. Skipulagsstofnun hefur gefið út leiðbeiningar um fyrirkomulag gagnanna.

Á þessu fyrirkomulagi eru ýmsir alvarlegir gallar.

Með því að tengja gerð gagnanna við aðalskipulag sveitarfélaga má búast við að mjög mörg ár líði þangað til gögnin ná til landsins alls, því endurskoðun aðalskipulags getur verið á 20 ára fresti.

Allmargir vegir í náttúru Íslands liggja milli sveitarfélaga eða hlykkjast jafnvel eftir sveitarfélagamörkum. Það þýðir að sami vegur fær ólíka meðferð, á ólíkum tímum, jafnvel þannig að nokkrir bútar úr vegi geta komið inn í vegaskrá í ár en búturnir sem eftir eru koma inn árið 2042.

Ýmislegt er matskennt um það hvaða vegir eiga heima í vegaskránni og hverjir ekki. Með því að láta hvert sveitarfélag finna út úr því fyrir sig er þess ekki að vænta að gott samræmi verði í þessu mati.

Nú kann að vera nauðsynlegt að breyta vegaskrá, t.d. bæta við vegi eða fella út, eða þá að upplýsingum um veg er breytt. Skv. svörum Skipulagsstofnunar er málsmeðferð slíkrar breytingar sú sama og ef um breytingu á aðalskipulagi væri að ræða. Gefum okkur að bæta þurfi við vegi, t.d. vegna gamals slóða sem ferðapjónusta hefur áhuga á að nýta og að hann liggji um fjallaskarð milli tveggja sveitarfélaga. Ólíklegt er að slík breyting teljist óveruleg (sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga) vegna ýmissa hagsmuna sem tengst geta umferð um slóðann. Einnig er rétt að hafa í huga að lega vega, annarra en stofn- og tengivega, er ekki bundin í aðalskipulagi og kemur því í raun ekki við sögu þar. Málsmeðferðin verður þá sú sem skipulagslög tilgreina um verulega breytingu á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga sem vegurinn liggur um. Fyrsta skref er þá að kynna lýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga þar sem boðað er að engin breyting verði gerð á gögnun aðalskipulaganna, aðeins breytt landupplýsingagögnum um vegaskrá. Næsta skref er síðan að kynna tillögur um breytingar á aðalskipulögum beggja sveitarfélaga þar sem engin breyting á aðalskipulagsgögnum kemur fram, aðeins breyting á vegaskrá. Að lokum þarf síðan að auglýsa breytingu á aðalskipulagi í báðum sveitarfélögum án nokkurrar breytingar á aðalskipulagi, aðeins á vegaskrá. Þessi málsmeðferð er í besta falli brotleg.

Loks má nefna að hlutverk Skipulagsstofnunar er sérkennilegt, hafandi milligöngu um að gögnin berist Vegagerðinni án nokkurrar annarra ábyrgðar. Það er líka skrítið að Skipulagsstofnun skuli gefa út leiðbeiningar um högun gagnanna, en ekki Vegagerðin, sem þó ber ábyrgð á gögnunum.

Miklu skynsamlegra hefði verið að fela Umhverfisstofnun að leggja upp heildarmynd af umræddum vegum í náttúru Íslands, í samstarfi við Vegagerðina. Þannig væri innbyrðis samræmi í upplegginu og gæðum gagnanna. Vegir aðrir en þjóðvegir í vegagrunni Landmælinga Íslands gæti verið góður byrjunarpunktur í því uppleggi. Það væri síðan hlutverk Umhverfisstofnunar að bera þetta upplegg undir sveitarstjórnir, landeigendur og aðra umsagnar- og hagaðila og leiða fram sjónarmið um það hvað megi betur fara, á sama hátt og sveitarfélögum er uppálagt að hafa samráð um skipulagstillögur. Umhverfisstofnun hefði síðan lagaheimild til að taka af skarið um það hvaða vegir rata inn í skrána á grunni umsagna og athugasemda, þ.á.m. sjónarmiða Vegagerðarinnar um tengingar við þjóðvegi. Eðlilegt er að Vegagerðin hafi eftir sem áður umsjón með landupplýsingagögnum vegaskrárinnar. Á þennan hátt mætti ljúka þessu verki á einu ári, á samræmdan og skilvirkan hátt.

Árni Geirsson